

Mjólká 12. febr. '65.

Skýrsla um ístruflun í Mjólká í Nón. '64.

Að morgni föstudags 13. nóv. kl 05³⁰ hringir aðvörun. Þegar út í stöð er komið er ljóst að inntaksristar munu stíflaðar. E.P.G. og H.H. búast til fjallferðar á bifreið Hreins, er svo heppilega vill til að allir fjallvegir í grenndinni eru færir, og kom það sér vel síðar.

B.P.B. annast eftirlit í stöð, en dieselvél er að sjálfsögðu í gangi, til staðarnotkunar.

Á fjalli er NA ofsarok ca 11 - 13 vindstig og vatnið sem ólgandi hafsjór, ísing hafði sett á göngubrú og nágrenni vatns áveðurs á um 10 m breiðu belti, og var varla stætt vegna hálku

Þegar ístruflunin varð í Mjólká í nóv '60 var ákveðið að hætta við lyftuslá þá er ætluð var til lyftingar á ristum og hlerum en vírstroffur settar í þess stað beint í hlera og ristar.

Við byrjum á því að reyna að krækja lyftukrök í vírstroffu ristar, en íshröngl á rist hindraði það, og urðum við því að láta niður hleralokur og keyra vatn út af pípunni, þá var farið niður í damminn og kröknum krækt á vír með höndum.

Þegar ristin kom upp mældi ég ísþykktina, samanber mynd. Íshrönglið var mjög laust í sér, líkast snjó í vorleysingum (salt), en milli teinanna var það aftur á móti allfast og mátti berja það áf með járnum.

Ljóst var strax fyrir hádegi að lón gæti ekki lagt í náinni framtíð vegna hvassviðris, enda var frost vægt framanaf.

Þar sem vinna þessi er tímafrek og búast var við áframhaldandi truflunum ákvað ég að reyna að fá tvo menn til aðstoðar á meðan útlitið væri tvísýnt, og hreynsa ristar til skiptis og hanga inni með vél, að minnsta kosti á tímum mesta álags.

Haft var samband við mann okkar á Þingeyri, Guðjón Jónsson, brást hann hart við, og kl 14⁰⁰ komu tveir menn frá Þingeyri Ólafur nokkur frá Lambadal, sem hér hefur unnuð áður og Jóhann Sigurðsson frá Þingeyri.

Var nú lokið við hreinsun annarar ristarinnar, og var þar með helmingur inntaks starfhæfur. Fyllt á pípu og vélin ræst. Staðarnotkun tekin inn kl 15⁵⁰ og línurofi kl 16⁵⁰ og álag smám saman tekið upp og haft 600 til 700 kw upp úr kl 18⁰⁰.

Jafnframt er svo haldið áfram að hreinsa hina ristina, og upp úr kl 19⁰⁰ eru báðar ristar með, en áður hafði verið litið á hina ristina og hún reynst alveg hrein. Er nú sýnt að unnt muni að vera með álag yfir nóttina.

Til frekara öryggis förum við þó upp aftur kl 23⁰⁰ og lítum á aðra ristina, en hún er alveg íslaus. Stormur er enn allmikill og kraparek töluvert sem hyndrar verulega ölduhreyfingu.

Aðfaranótt laugardags höfum við álag milli 400 og 600 kw. Bíldudalur og Flateyri keyra með. Fylgst er vel með þr. á pípu alla nóttina, og kl 05³⁰ er svo farið upp á fjall og skoðaðar ristar, er þá kominn ca. 20 cm þykkur losaralegur ís á þær, ásamt slýi og greinum sem krapinn virðist hafa gruggað upp í lóninu. Þegar birtir svo um kl 08⁰⁰ sést að lón er lagt allt að 3/4 hlutum samfelldri krapahellu. Við ljúkum nú við að hreinsa ísinn og komum niður um 11⁰⁰.

Við urðum varir við að járnsvarf hrundi töluvert úr talíum er unnið var með þeim, og fengum við allir skammt af þrú því í augun.

Hreinn Haraldsson varð að fara til læknis til Þingeyrar fyrir hádegi þennan dag, og E.P.G. mátti fara sömu leið daginn eftir.

Eftir hádegi þennar dag - laugardag - var svo skipt um vírstroffu í ristum, en gamli vírin var senn orðinn fjögurra ára gamall og trúlega farinn að láta sig eitthvað.

Klukkan 17⁰⁰ þennan dag var Flateyri sleppt út, og Bíldudal kl. 18³³ og réðum við við álag það er okkur var ætlað upp frá því enda hefur hringrás vatnsins verið hætt fyrir nokkru og undirkæling búin.

Sunnudagur: Þingeyrarmenn fara upp kl 09⁰⁰ og taka upp aðra ristina og er hún hrein: Eru nú tekin saman verkfæri öll mokað út snjó og íshröngli úr inntakshúsi, og gengið sem bezt frá öllu. Þessu var lokið laust fyrir hádegi.

Hreinn fer nú með þingeyrarmenn heimleiðis og Erling til lækis eins og áður er getið, en rétt þótti að fá bíl á móti þar sem Hrafnseyrarheiði var að lokast, og má segja að veðurguðirnir hafi verið Rarik allhliðhollir á meðan á þessari truflun stóð hvað snertir færð á fjallvegum.

Ég tel að ekki þarfi að fylgja þessu öllu meira að rituðu máli, en hitastig fylgir í línuriti ásamt Orkuvinnslu (semin er astæða þykir til) umrædda daga, einnig myndir af lóni umhverfis inntakshús er Sýnir návígi íss og krupa við storm og öldugang.

Rétt er að taka fram að ristar voru alltaf hitaðar upp áður en þeim var sökkt niður, þar sem lofthiti var töluvert undir frostmarki í inntakshúsi.

Reynsla sú er fékkst í þessari törn tel ég að sanni meðal annars eftirfarandi:

1. Mjög aukið öryggi og hraði í viðskiptum við þingeyri - Guðjón Jónsson - fengist ef háspennusíminn yrði lagður heim til hans, en við þarfum mjög á honum að halda á slíkum tilfellum. Eins og er, er ókleift með öllu að ná sambandi við hann að nóttu til, og gæti það vissulega komið sér illa ef skyndilega þyrfti á lækni að halda.

2. Dieselvélín okkar hérna er allt of lítil, nægir rétt til ljósa en konur og börn mega þjappa sér saman í eitt herbergi og hita það upp með kosangasi, en ekdun verður að fara fram á einni hellu til að vélín slái ekki út.


Ekki má skýlja svo við þessi pappírslöð, ^{að ekki} sé þökkuð góð samvinna að hálfu starfsmanna Rarik hérna í nágrenninu Þeirra Aage Steinssonar, Guðjóns Jónssonar, Páls Ásgeirssonar Fl. Jóns Hannessonar Bd. og Yngva Guðm. Ísaf.

Þingeyrarmennirnir unnu af miklum dugnaði og ósérhlígni, og er sannarlega gott að eiga aðgang að slíkum mönnum. sé aðstoðar þörf.

Inngangur til ísaskerunn
 nóv '64. Mynd I

15/2 164


Edmund P.G.




Ísflögur mjög lausar í
 sér, lítil og snjór á
 vordesi - (sólbrúð).

Lag mest rist allmítt fastara
 í sér, og á spálferm ristum
 var mjög ísinn þessum vör
 jarinn (e.t.v. eftir rist var
 laus vör vatni, og loftkeldi
 hefur kelt jarinn vör)

Loftkeldi í innviðs henni var
 um 20 m eða á þessum stigi.




Sólu krápahellu mist ölduróti og stormi
~~Leitardag~~ Tostud 13/11 '64.




Skur a-b.

Festudagshóald tel 2300
 lafði stannur hvalur.
 Krupa upp í vagn (magn) #



Krappi
 sem myndar áttuþrengr
 barid saman í þykkan þungu



Allstark
 ishella á morgni
 Laugardags 14/11 164.

Hitastig ved
 0. fl.
 192164
 Erling P. S.

10
 8
 6
 4
 2
 0
 2
 4
 6
 8
 +
 %

Sel. 8 avas
 Md. 9 avas
 þriðj. 1/11
 Mud. 11/11
 Fimtd. 12/11
 Vestud. 13/11
 Laugaveg. 14/11
 Sd. 15/11

09⁰⁰ Sgala ræsming
 11³⁰ SA Kaldi - u
 18³⁰ Þandæmi lítillt ræsm
 22⁰⁰ Logn ræsming
 08⁰⁰ A-stummurk. sk.
 11³⁰ - u - u
 18³⁰ NA - u 1/2 skopp
 22⁰⁰ NA Sgala léttsk.
 09⁰⁰ NA Kaldi heidskipt
 11³⁰ - u - u
 18³⁰ Hæsu. - u
 22⁰⁰ A allhvar skopp.
 08⁰⁰ Logn síed
 11³⁰ - u 1/2 skopp
 18³⁰ A, léttsk
 22⁰⁰ Logn - u
 08⁰⁰ NA Kaldi 1/2 skopp
 11³⁰ - u - u 3/4 - u
 18³⁰ NA allhvar léttsk
 22⁰⁰ NA stormur Húðskipt
 08⁰⁰ NA stormur léttsk
 11³⁰ - u - u 1/2 skopp
 18³⁰ - u - u skopp
 22⁰⁰ - u - u lítillt sngik
 08⁰⁰ NA Kaldi skafarn
 11³⁰ - u - u
 18³⁰ - u - u
 22⁰⁰ - u - u
 09⁰⁰ NA rok skafarn
 11³⁰ - u Kaldi - u
 18³⁰ - u - u
 22⁰⁰ - u - u

← Lón lagfar →

1st-rapp lúkt

Orkuvinnsla
 í fullum gætti

Afrit 24.2.61.

Mjólkárviriljun

24.2. 61.

Ístruflun 24.-26. nóv 1960.

Fimmtudag 24. nóv. um kl. 2^h20 varð vart við spennufall, þegar komið er út í stöð er nál 100% opin og þr. á pípu ört fallandi. Strax ályktað að fallloki hafi lokað, Línurofa slegið út, vél stöðvuð. Tekin að láni bifreið hjá Páli Guðfinnssyni og menn. Bifreið staðarins úrbreidd og með fleiri alvarlega kvilla.

Starfsmenn staðarins voru aðeins tveir umræddan tóma. Þar sem Snorri Magnússon var í smáfríi í Reykjavík.

Farið í lokuhús og ath. rafbúnaður fallloka = allt virðist í lagi- Byrjað að fylla á pípu, fallloki bundinn upp í áfyllingarstöðu til að spara jafnstraum, þar sem jafnstraumskerfi hefur iðulega gert okkur ýmsan óleik í haust.

Áfylling tekur óeðlilega langan tíma eða rúma 1 lkst. Eðlilegur tími mun vera um 40 mín. Að lokinni áfyllingu er fallloki bundinn upp. Farið í stöð og undirbúin ræsing.

Vél ræst kl 02^h25. Stöðvarnotkun inn 03^h15 línurofi inn kl 03^h30. Skömmu síðar fer þrýst. á pípu að falla og þar með snúningshraði. Er þá sýnt hvað valda muni,- stíflaðar ristar. Vélin stöðvuð og farið upp í inntakshús. Hleralokur settar niður og reynt að hífá í ristar, en ókleift reyndist að krækja lyftuslánni á þar. Það ráð því tekið að tæma damminn aftan við hleralokur.

Var nú farið að athuga teikningar af inntaki, en engin loki fannst til þeirra þarfa.

Var það því til ráða tekið að ræsa vél og keyra vatn út af pípu. Þessu var lokið um kl ~~06~~ 06^h00.

Þegar dammurinn er tómur orðinn, sést að allt að 10" íslag er utan á ristinni (grunnstingull).

Til þess að koma lyftuslánni á rist varða að fara niður og brjóta ísinn af festingaraugum. Þá fyrst er unnt að hífá upp ristar, Einnig kom í ljós að sláin er full rúm í sponnum og kom seinna í ljós, að hún átti það til að húkkast aðeins öðru megin í., og var þessi búnaður í alla staði mjög óþjáll í nátkun.

Var nú brotinn ís af rist vinstra megin. Tók það töluverðan tíma og í ljós kom að allmikið ský (vatnagróður dauður) var undir íshrönglinu, og getur það átt einhvern þátt í þessu.

Þessi rist sett niður, hin hífð upp og hleraloka vinstra megin. Var nú ráðgert að ræsa og hafa aðra ristina virka þ.e.a.s. þann helming inntaks sem hreinsaður hafði verið. Vélin er nú ræst. og stöðvarnotkun tekin inn, sem gefur um 9% opnun á nál.

Allt virðist í lagi. Lónurofa slegið inn, og takifærið notað til að rabba við Egil Skúla.

Skömmu síðar fer þr. pípu fallandi og vélin því stöðvuð aftur, ristin tekin upp og var þá töluverður ís kominn á hana.

Var nú séð að þetta myndi ekki geta gengið svona, og yrði að bóða þess að lónið legði alveg, en það var aðeins byrjað að leggja, en NA gola tafði fyrir því. Hiti við inntakshús þennan dag (föstudag) var -7° . Hiti vatns um $-1/2^{\circ}$ C. Um kl. 18° var kominn ís umhverfis inntakshús en mjög þunnur.

Um kl 21° 25 nív. var ís farinn að þykkna talsvert, var nú rist vinstra megin hituð upp með eldi, og látin niður, vélin ræst
~~xFróst fór nú heldur harðnandi~~
en það sama verður upp á teningnum eftir um 1 1/2 klst.

Fróst fór nú heldur harðnandi, og ís þykknaði óðum umhverfis inntakshús (23°).

Var því strax skipt á ristum og átti nú að hífa upp hægri hleraloku (nota hægri helming inntaks), en þá vill svo illa til að lyftingarslá rann út úr sponunum (sem hún ekki á að geta sé hún rétt smáðuð) og féll niður á stéttina framan við hleralokuna.

Er nú farið að útbúa ýmis tæki til ná upp slánni (ankeri og slæðar svo að hægt sé að ná upp skánnix hlerum, þeir eru nú báðir uiðri.

Jafnframt er náð sambandi við E.S.I. sem er á Úsafyrði og honum hvað gangi, (um kl 01° laugard. morgun 26 nív.).

Kemur okkur saman um að reyna að fá kafara eða froskmann til bjargar málunum.

Koma þeir um kl 05° laugardagsmorgun fróskurinn og tveir hjálparmenn ásamt Agli Skúla og Yngva Guðm.

En á meðan hafði okkur tekist að næla í slána., en þegar hún kemur upp er hún illa bogin. Þar sem hún þótti ekki öruggur búnaður, þó viðgerð yrði, var það ráð tekið að læsa vírum milliliða- laust á hkeru og ristur.

Þessu var öllu lokið og inntak tilbúið hægra megin um kl 10³⁰ Vélín ræst kl. 11¹⁵ og stöðvarnótgun tekin inn. Línurofi síðan inn kl. 12⁰⁰. Lítið álag fram eftir degi. Isafj. ekki tekin inn fyrr en kl. 17⁵⁰ vegna hugsanlegrar truflunar.

Vélín var vöktuð alveg til kvölds. og sérstaklega fylgst með þrýstingi á púpu.

Sunnud. 27. nóv fórum við Egill með þessu upp að lóni um 10³⁰ að athuga ástandið þar. Lofthiti er þá við inntak - 9 C og lónið allt lagt mannheldum ís. Í inntakshúsi var vatnsborð um 1 m lægra innan við rist hæður en í lóni. Var sýnt að hún myndi vera drafl stífluð. Voru nú höfð snör handtök og híft í hana um rúmt fet, til að hafa frið fram yfir mat. E.h. var farið upp með eldsneyti og verkfæri, ristin hreinsuð, hituð upp og látin niður.

Rist vinstra megin fær einnig að volgna, og henni slakað niður Hleraloka þeim megin upp og allt inntak er því með núna.

Þá er þessu ristaspjalli lokið.

Almænar athugasemdir.

AD Dagana næst á undan 24. nóv. var NA og A gola- hvassviðri og heiðskirt með töluverðu naturfrosti.

Kl. 18³⁰ 24. nóv. skyjað NA stinningskaldi, heiðskirt, hiti við stöð +4 C. Einnig kl. 09³⁰ 24. nóv. Hvessir af NA og brýtur yfir stýflugarð - vatnshæð 20 cm lægri við inntak en við stífluknúnu vegna hvassviðris.

Lónið hefur aldrei náð til að leggja í hauðt. Einnig er þess að geta að Prestagilshluti árinna fellur mjög gisinn - stall af stalli - stáan af steini, og tekur þar af leiðandi mjög veik við kælingu loftins. Í NA átt er yfirleitt töluvert meiri vindhraði í Borgarhvilft heldur en hérna niður við húsin

ÍSTRUFLUN Í MJÓLKÁ 5.5.65.

Þriðjudaginn 4. maí kl. 20⁰⁰ kom ég til Mjólkár frá Bildudal. Þá var veður NA og bjart og kalt en stinningsgola.

Sat uppi á tali við Erling til kl. 2⁰⁰ að nóttu, en um 0³⁰ skrapp Erlingur út í stöð og var þá allt eðlilegt. Kl. 5⁰⁰ vakti Erlingur mig, bjallan hafði hringt og allt stopp. Hiti úti -2°. Farið upp á stíflu kl. 6⁰⁰ hiti þar -6° og NA byljir, bjart veður, lónið ólagt, vatnið tært en kristallar grunnstingulsbreiðir flutu hingað og þangað á vatninu og ráku saman við strendur.

Rist lyft, um 15 cm þykk íshella þakti hana, frekar krapakennt. Hún hreinsuð og sett niður. Erlingur fór niður í stöð kl. 7³⁰ til að gangsetja og farið inn á netið fyrir kl. 8⁰⁰, en allt stopp stuttu seinna. Unnið við að krækja í hina ristina, gekk mjög illa, nauðsynlegt að setja festingar er ná upp úr vatninu.

Báðar ristarnar teknar upp, nú var ísinn nokkuð harður glær og reglulegir kristallar. Var nú sýnt að tilgangslaust var að setja niður rist, og því startað ristarlaust og farið inn á netið kl. 10³⁰.

Um hádegi var hitinn uppi -2° og stór hluti vatnsins hulinn, en þó ekki við inntak. En þá hvessti og allt braut af.

Fylgst var með þrýstingi í vatnspípu og var hann eðlilegur.

Farið upp að stíflu kl. 21⁰⁰ á miðvikudaginn til athugunar, enn hvasst af NA og hiti uppi -4° og allt bert. Tilgangslaust að setja niður rist. Vatnið rauk úr öldutoppnum.

Á fimmtudegi er ég fór úr Mjólká var allt við það sama.

Undanfarna daga var hlýtt og vatnið orðið autt. Á þriðjudag kólnaði með björtu veðri og góðu en napurt.

En hvessa fór ekki að ráði fyrr en sömu nótt og ístruflunin varð.

Fossvarvegirnir voru allir hvítir og vesturbakki lónsins var víða ísaður nokkuð langt upp á land. Þá var brúin út á inntak ein klakahella.

Aage.